

Spurningar til bæjarráðs varðandi vatnsveitumál

Sveitarfélögum ber í þéttbýli að tryggja íbúum aðgang að hreinu og góðu neysluvatni. Ég tel að Garðabær standi ekki við þær skyldur. Ég benti fyrir u.þ.b. ári síðan á vankanta vatnsveitunnar á Álftanesi og að íbúum gæti stafað hættu af vatninu. Ég fékk engar útskýringar á ástandinu og var sagt að ég talaði niður Álftanes. Grein sem ég skrifaði þá fylgir í viðauka.

Í greininni lýsi ég áhyggjum af því að sýklar gætu borist með vatni og valdið sjúkdómum. Dæmin sanna að það getur verið stórhættulegt. Mengun í neysluvatni álík þeirri sem ég lýsti í greininni varð á dögunum rétt utan við Bergen í Noregi. Þar veiktust þúsundir og tveir eru látnir í u.þ.b. 15.000 manna bæjarfélagi. Þar komst yfirborðsvatn sem innihélt kamphýlóbakter í neysluvatnið með þessum hrikalegu afleiðingum. Líklegast er talið að bakterína hafi komist í vatnið úr hundaskít af yfirborði, en þó er ekki útilokað að bakterían hafi borist í vatnið úr lekri skolplögn.

Ljóst er að slys eins og þetta getur gerst alls staðar þar sem yfirborðsvatn mengar neysluvatn. Vatnsveitumál eru þess vegna dauðans alvara, og ber að taka alvarlega. Ég hef áhyggjur af ástandi Vatnsveitu Garðabæjar og Vatnsveitunni á Álftanesi. Ég tel að yfirvöld hafi ekki áttað sig á hættunni sem mengað neysluvatn getur valdið. Ég óska þess vegna eftir svörum við eftirfarandi spurningum.

Í maí féll þrýstingur á köldu vatni í Garðabæ. Þrýstingur fór skv. Myndum og lýsingum af Facebook niður í 1 bar eða jafnvel minna. Útskýringin var sögð vera leki í kerfinu.

1. Nái vatnsveitan ekki að halda uppi þrýstingi á kerfinu er hætt við því að undirþrýstingur myndist þar sem lekinn er. Það verður til þess að yfirborðsvatn sogast inn í vatnsveituna og mengi þar með vatnið. Þetta þekkja líklega allir sem vinna við vatnsveitumál. Hvers vegna var viðbraðsáætlun vegna yfirborðsvatns í neysluvatni ekki virkjuð um leið og fréttist af þessum lága þrýstingi?
2. Sandur og drulla kom inn með neysluvatni víða í Garðabæ í maí. Það er augljóst merki um að yfirborðsvatn hafi mengað neysluvatn. Af hverju var viðbragðsáætlun vegna yfirborðsvatns í neysluvatni ekki virkjuð vegna þessa?
3. Hvaðan kemur sandurinn sem berst með vatninu?
4. Hvernig gat það gerst að lágur þrýstingur sé í stórum hluta bæjarins í viku eða meira? Ef vatnsveitan er í góðu lagi ætti að vera lítið mál að loka fyrir leka.
5. Hefur viðbraðsáætlun vegna mengunnar neysluvatns í Garðabæ verið unnin?

Ég hef áður bent á að vandamál í vatnsveitunni á Álftanesi, en fékk engin svör þá. En ég hef einnig spurningar varðandi ástand vatnsveitunnar þar.

1. Á Álftanesi berst reglulega skeljasandur með vatni (annaðhvort heitu eða köldu). Hvaðan kemur sandurinn? Af hverju var viðbraðsáætlun vegna yfirborðsvatns í vatni ekki virkjuð um leið og ljóst var að sandurinn bærisk víða?
2. Á Álftanesi er þrýstingur á köldu vatni líka viðvarandi lítill. Er vitað hvað veldur lága þrýstingnum?
3. Hefur mat verið lagt á það hversu mikið hætta á yfirborðsvatni í neysluvatninu eykst þegar þrýstingur lækkar?
4. Töluvert er um það að blöndunartæki, þvottavélar og fleira hafa skemmst vegna drullu í kalda vatninu og eða þrýstimunar kalda og heita vatnsins á Álftanesi. Endurgreiðir sveitarfélagið íbúum vegna þessa?

Ekki þýðir að benda á að Veitur ohf sjái um vatnsveituna á Álftanesi, og þeirra sé að svara. Það er hlutverk sveitarfélagsins að tryggja íbúum hreint og gott vatn, og þá líka hlutverk sveitarfélagsins að svara fyrir það af hverju það getur ekki staðið við þær skyldur.

Sýni hafa verið tekin úr báðum vatnsveitum. Niðurstöður þeirra eru eftir því sem ég best veit góðar og benda til þess að vatnið sé hreint. Mælingar 1-2 sínum á ári eru ekki nóg til að færa rök fyrir því að vatnið sé ómengað alltaf alls staðar. Sýnatökur í Noregi höfðu alltaf sýnt að vatnið þar stæðist allar kröfur. Þess vegna er ekki nóg að segja að regluleg sýni hafi verið tekin sem sýni fram á gæði vatnsins þegar svo margir hlutar benda til mikillar hættu á yfirborðsvatnsmengun.

Með kveðju og von um bætta vatnsveitu
Sveinn Gauti Einarsson - Umhverfisverkfræðingur
sveinngauti@sveinngauti.is

Viðauki 1: Grein um ástand vatnsveitu á Álftanesi

Slæmt ástand vatnsveitu á Álftanesi stefnir íbúum í hættu

Vatnsveitan á Álftanesi er léleg. Þrýstingur er lágur og miklir lekar í kerfinu. Fyrir þessa lélegu þjónustu borga svo íbúar hæsta, eða næsthæsta vatnsgjald á höfuðborgarsvæðinu. Þrýstingurinn veldur íbúum óþægindum í daglegu lífi, en það er ekki það versta.

Í ákveðnum hverfum á Álftanesi skemmast blöndunartæki, þvottavélar og fleira af völdum sands og drullu sem berst með vatninu. Þannig hefur ástandið verið í nokkur ár. Það er ekki sandur í vatninu úr vatnsbólinu. Sandurinn hlýtur því að berast í vatnið í vatnsveitunni. Mögulega er gat á leiðslunni þar sem undirþrýstingur myndast. Þá sogast sandur og annað úr umhverfinu inn í neysluvatnslögnina. Þetta hefur verið staðfest af Heilbrigðiseftirlitinu með sýni sem tekið var síðasta sumar.

Það að yfirborðsvatn komist inn í vatnsveituna er grafalvarlegt mál. Ef yfirborðsvatn blandast neysluvatni ber samkvæmt neysluvatnsreglugerð að tilkynna neytendum um stöðuna, grípa til aðgerða og lagfæra ástandið. Það var ekki gert.

Hægt er að spyrja af hverju er svona slæmt að yfirborðsvatn blandist neysluvatninu. Þegar slík blöndun verður er líklegt að faraldrar sjúkdóma breiðist út. Slíkt gerðist í Húsafelli og á Mývatni árið 2004 þegar um 300 manns smituðust af nóróveiru þegar yfirborðsvatn barst í vatnsveitu. Salmonella og kampýlóbakter geta líka borist með menguðu neysluvatni. Jafnframt má gera ráð fyrir því að magn yfirborðsgerla sé alltaf töluvert þegar vatnið mengast. Yfirborðsgerlar geta valdið vægari niðurgangspestum. Rannsóknir hafa sýnt að fylgni er á milli gæða vatnsveitu og tilkynntum niðurgangstilfellum.

Skaðlegir síklar berast helst í yfirborðsvatn á svæðum þar sem dýr eru sem og þar sem rotþrær eru notaðar. Á Álftanesi er mikið dýra og fuglalíf. Rotþrær eru ennþá notaðar í sumum hverfum.

En mengun vatnsins er ekki það eina sem veldur hættu. Verði eldsvoði á Álftanesi er óvíst hvort nægt vatn fáist þar sem ekki virðist vera hægt að halda uppi vatnsprýstingi vegna leka.

Þrýstimunur heita og kalda vatnsins skapar líka hættu. Þar sem þrýstingurinn á heita vatninu er meiri en því kalda getur heita vatnið þrýst sér inn í kaldavatnslagnirnar og sjóðheitt vatn getur þá komið út úr báðum krönum. Óblandað heitt vatn getur valdið því að fólk brenni sig.

Veitur eiga að senda allan sinn mannskap í lekaleit á Álftanes, gera við lögnina og tryggja aftur heilnæmi vatnsins og öryggi íbúanna. Annað er ekki í boði.

Íbúar geta gert kröfu á að Veitur endurgreiði vatnsgjald undanfarinna ára, þar sem fyrirtækið hefur ekki afhent fullnægjandi vöru. Jafnframt ættu Veitur að greiða fyrir blöndunartæki, þvottavélar og önnur tæki sem skemmst hafa af völdum vatnsins.

Þetta ástand er algjörlega óboðlegt. Í þessu máli hafa allir eftirlitsaðilar brugðist. Heilbrigðiseftirlitið hefur ekki sinnt skyldum sínum til að tryggja heilnæmi vatnsins. Veitur hafa lítið sem ekkert gert til að bæta ástandið. Garðabær hefur svo brugðist íbúum sínum með því að leyfa þessu vandamáli að viðgangast svo árum skipti. Allir þessir aðilar hafa sýnt af sér mikið gáleysi og geta engu öðru en heppni þakkað að ekki hefur farið illa hingað til.